

8. gr.

45

23. maí

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. júní 1934 og gildir fyrir Skagafjarðarsýslu. Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 21, 19. júní 1933, um samþykktir um mat á heyi til sölu, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. maí 1934.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

46

25. maí

um útflutning á verkuðum og óverkuðum saltfiski.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum, útgefnum í dag, skipar ríkisstjórnin svo fyrir, að viðlögðum sektum samkvæmt lögnum, að leyfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins þurfi til þess að mega selja eða flytja til útlanda verkadán eða óverkaðan saltfisk.

Þetta birtist hérmeð hlutaðeigendum til leiðbeiningar og eftirbreytni.

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. maí 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

47

28. maí

um lendingarsjóð í Súgandafirði.

1. gr.

Af bátum allt að 60 smálestum, er ganga til fiskveiða í Súgandafirði, skal greiða í lendingarsjóð 1 kr. 50 au. af hverjum vertíðarhlut.

2. gr.

Hreppsnefnd innheimtir gjald þetta; greiðir formaður það í peningum af óskiptum afla áður en vertíð er lokið í Súgandafirði. Innheimtumaður fær 2% í innheimtulaun. Taka má gjald þetta lögtaki, sé það eigi greitt á réttum tíma.

3. gr.

Hreppsnefndaroddviti semur skýrslu yfir alla þá, er gjald þetta eiga að greiða, og sendir hana oddvita sýslunefndar ásamt gjaldinu fyrir lok októbermánaðar ár hvert.